

Kjósum VG 14. maí

# Göngum lengra í Mosfellsbæ



VINSTRI GRÆN

# Ávarp

Kæru Mosfellingar!

Sveitarstjórnarkosningar fara fram 14. maí næstkomandi. Við hvetjum alla til að nýta sér þann lýðræðislega rétt að ganga að kjörborðinu og hafa þannig áhrif á verk og gjörðir kjörinna fulltrúa á næsta kjörtímabili.

Frá árinu 2006 hafa vinstri-græn boðið fram undir eigin merkjum í Mosfellsbæ og haft mótandi áhrif á stjórn, framkvæmdir og stefnumörkun innan bæjarfélagsins. Við erum stolt af þátttöku okkar í bæjarstjórn og horfum bjartsýn til framtíðarinnar, stefnumál okkar eru skýr: Við leggjum megináhersluna á fjölskylduvænt, réttlátt og umhverfisvænt samfélag þar sem allir Mosfellingar sitja við sama borð.

VG var stofnað árið 1999 og allar götur síðan hafa umhverfismál verið sett á oddinn í stefnumótun hreyfingarinnar. Þar koma meðal annars við sögu náttúruverndarmál, úrgangsmál, loftslagsmál og samgöngumál. Umhverfismál eru aldrei mikilvægari en á okkar dögum og snerta í senn okkar nánasta umhverfi og veröld alla. Þegar talið berst að þessum málaflokki eru *heimsbyggðin* og *heimabyggðin* á einum og sama bátnum.

Ágætu Mosfellingar! Fylkjum okkur um V-listann í kosningunum 14. maí.

Frambjóðendur VG í Mosfellsbæ

# Stefnuskrá




## Fræðslumál

### Vinstri-græn vilja:

- Framfylgja metnaðarfullri menntastefnu fyrir Mosfellsbæ sem var samþykkt nýlega í bæjarstjórn
- Gera leikskólann og skólamáltíðir gjaldfrjálssar
- Brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla með fjárhagslegum styrkjum til foreldra
- Ljúka við byggingu á nýjum leikskóla og íþróttahúsi í Helgafellshverfi
- Halda áfram að upplýsinga- og tæknivæða skólastarfið; efla og bæta aðstöðu fyrir sérkennslu
- Vinna gegn einelti og einmanaleika í skólum bæjarins, bæta skólaheilsugæslu og efla geð- og sálfræðipjónustu barna

- Leggja áherslu á lýðheilsu, útivist og heilsueflandi samfélag innan skólakerfisins, einnig á flokkun úrgangs, endurvinnslu og hringrásarkerfið
- Efla Tónlistarskóla Mosfellsbæjar og stytta biðlista
- Halda áfram árlegum úthlutunum úr Klörusjóði til að efla nýsköpunar- og þróunarstarf í skólum bæjarins




## Íþrótt- og tómstundamál

### Vinstri-græn vilja:

- Halda áfram að bæta íþróttamannvirki bæjarins og skapa aðstæður fyrir fjölbreytt og blómlegt íþrótt- og tómstundastarf. Hefja byggingu á nýrri þjónustubyggingu á Varmá, hönnun hennar liggur fyrir

- **Að öll börn hafi jafnan aðgang að íþrótt- og tómstundastarfi.** VG vill hafa það að leiðarljósi að íþróttaiðkun byggji ekki eingöngu á keppni heldur einnig á heilsueflingu og mannrækt
- **Lengja opnunartímann í sundlaugum bæjarins**
- **Tryggja aðgengi fatlaðra og öryrkja** að mannvirkjum Mosfellsbæjar og bæta aðstöðu og aðkomu á útivistarsvæðum bæjarins
- **Hækka frístundaávisun** fyrir börn og eldri borgara
- Efla enn frekar samráðsvettvang milli Aftureldingar og bæjaryfirvalda sem stofnað var til á kjörtímabilinu og tryggja áfram gott samstarf við öll íþrótt- og tómstundafélög í Mosfellsbæ



### Velferðarmál

#### Vinstri-græn vilja:

- **Auka framboð á félagslegum íbúðum**, íbúakjörnum fyrir aldraða og lóðum fyrir óhagnaðardröfin leigufélög
- **Einfalda kerfið um félagslega aðstoð**, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga verði samræmd og kerfið samþætt
- Auka samráð og samvinnu á milli **heilsugæslunnar og sveitarfélagsins**
- Vinna markvisst að stuðningi við móttöku flóttafólks og **koma til móts við þarfir innflytjenda**
- Stuðla að því að **öll börn sitji efnahagslega við sama borð**
- Tryggja úrbætur og **bætt samráð um málefni eldri borgara** með áherslu á virkni þeirra. Tryggja þarf **aukna**

**heilsueflingu eldra fólks** og efla samstarf við öldungaráð Mosfellsbæjar

- Standa dyggan vörð um **réttindi og málefni fatlaðra**, meðal annars með því að bæta aðgengismál



### Jafnréttis- og lýðræðismál

#### Vinstri-græn vilja:

- Að **jafnréttissjónarmið ráði í allri ákvarðanatöku** hjá Mosfellsbæ
- Vinna markvisst að **jafnri stöðu kynjanna** meðal starfsfólks sveitarfélagsins
- **Berjast gegn kynbundnu ofbeldi** og efla forvarnir gegn því innan stjórnarsýslunnar
- Tryggja jafnrétti kynjanna í starfsemi sveitarfélagsins og **vinna gegn kynbundnum launamun**

- Að verkefnið „**Okkar Mosó**“ haldi áfram með reglubundnum hætti




### Skipulagsmál – atvinnumál – umhverfismál

#### Vinstri-græn vilja:

- Ljúka við **endurskoðun aðalskipulags** Mosfellsbæjar sem hefur staðið yfir á kjörtímabilinu. VG vill að það taki mið af umhverfis- og loftslagsmálum með lýðheilsu að markmiði; allar verklegar framkvæmdir miðist við að lágmarka náttúrurask
- **Framfylgja nýrri umhverfisstefnu** Mosfellsbæjar þar sem mið er tekið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna
- Að Mosfellsbær haldi sínu **náttúrulega og sögutengda**

- **yfirbragði** sem eflir staðarvitund íbúanna
- **Taka á húsnæðisvandanum**, meðal annars með því að hefja uppbyggingu á Blikastaðalandi og ljúka við uppbyggingu miðbæjar Mosfellsbæjar og Helgafellshverfis
- Að horft verði til heilnæms umhverfis sem hluta af mannréttindum og tryggja aðgengi allra að grænum og hreinum svæðum
- Reka endahnútinn á **fríðlýsingu Leiruvogs** í samvinnu við Reykjavíkurborg; vinna áfram að **fríðlýsingu Gamla Þingvallavegarins** á Mosfellsheiði
- Að bærinn setji sér **aðgerðaáætlun í loftslagsmálum**, meðal annars um aukna kolefnisbindingu og minni kolefnislosun
- Þetta net hjóla-, reið- og göngustíga í bænum og  **tryggja að vistvænar samgöngur** verði ákjósanlegur kostur
- **Vinna gegn utanvegaakstri** í landi bæjarins

- **Stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi** í sátt við samfélag, náttúru og umhverfi
- Byggja upp **útivistaraðstöðu við Hafravatn**, tryggja þar fjölbreyttar samgönguleiðir og gott aðgengi
- Vinna að **sameiginlegri loftslagsstefnu** fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu
- Standa dyggan vörð um það að **sorpurðun verði hætt í Álfsnesi**




### Menningarmál – ferðamál

#### Vinstri-græn vilja:

- Vinna heildarstefnu um **uppbyggingu og rekstur á mannvirkjum** sem tengjast menningarstarfsemi í bæjarfélaginu. Þetta á bæði við um Hlégarð og stóra lóð í miðbæ Mosfellsbæjar sem er ætluð fyrir menningarstarfsemi

- **Stydja við bakið á lista- og menningarlífi** bæjarins, meðal annars með framlögum úr lista- og menningarsjóði og samstarfi við nýstofnað Lista- og menningarfélag Mosfellsbæjar (LOMM).
- Byggja upp og lagfæra stikaðar **gönguleiðir í sveitarfélaginu** og viðhalda fræðsluskiltum bæjarins
- **Byggja útileiksvið** við setstallana í Álafosskvos sem hefur verið hannað
- Taka þátt í **samstarfi um ferðamál** með öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu
- Setja upp **útilistaverk á Kjarnatorgi** í miðbæ Mosfellsbæjar, hönnun þess liggur fyrir
- Efla enn frekar **Bókasafn Mosfellsbæjar og Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar**
- Sjá til þess að ávallt sé fyrir hendi **upplýsinga- og fræðsluefni fyrir ferðafólk** í Mosfellsbæ, bæði á íslensku og erlendum tungumálum

- Hefja framkvæmdir við **jarðhitagarð á Reykjum**; Mosfellsbær og Veitur ohf. hafa undirritað viljayfirlýsingu um uppbyggingu hans



### Fjármál

#### Vinstri-græn vilja:

- Sýna aðgæslu og ráðdeild í fjármálum bæjarins
- Að rekstur á stofnunum Mosfellsbæjar verði á vegum sveitarfélagsins, ekki einkaaðila
- Auka gagnsæi í fjármálum bæjarins, þau verði sett upp sjónrænt og aðgengileg hinum almenna íbúa
- Að Mosfellsbær vinni eftir keðjuábyrgð í kaupum á vörum og þjónustu

# Framboðslisti

## Mosfellsbær



1. sæti  
Bjarki Bjarnason  
Rithöfundur



11. sæti  
Stefanía R. Ragnarsdóttir  
Fræðslufulltrúi hjá Vatnajökulsþjóðgardi og listakona



12. sæti  
Hulda Jónasdóttir  
Skrifstofukona



13. sæti  
Þórir Guðlaugsson  
Vardstjóri



2. sæti  
Kolbrún Ýr Oddgeirsdóttir  
Flugumferðarstjóri



3. sæti  
Bjartur Steingrímsson  
Fangavörður



4. sæti  
Bryndís Brynjarsdóttir  
Grunnskólakennari



14. sæti  
Ari Trausti Guðmundsson  
Jardfræðingur og fyrrv. þingmaður



15. sæti  
Harpa Fönn Sigurjónsdóttir  
Lögfræðingur, tónlistarkona og umhverfissinni



16. sæti  
Örvar Þór Guðmundsson  
Atvinnubilstjóri



5. sæti  
Garðar Hreinsson  
Ídnadarmaður



6. sæti  
Una Hildardóttir  
Varaþingmaður og formaður LUF



7. sæti  
Hlynur Þráinn Sigurjónsson  
Yfirlandvörður Vatnajökulþjóðgards



17. sæti  
Valgarð Mór Jakobsson  
Framhaldsskólakennari



18. sæti  
Hrafnhildur Jónsdóttir  
?



19. sæti  
Jóhanna B. Magnúsdóttir  
Gardyrkjufraeðingur



8. sæti  
Auður Sveinsdóttir  
Landslagsarkitekt



9. sæti  
Ásdís Aðalbjörg Arnaldsdóttir  
Félagsfræðingur



10. sæti  
Sæmundur Karl  
Aðalbjörnsson  
Ídnadarmaður



20. sæti  
Ólafur Jóhann Gunnarsson  
Vélfraeðingur



21. sæti  
Elísabet Kristjánsdóttir  
Kennari



22. sæti  
Gísli Snorrason  
Verkamáður

# Vinstri Græn í Mosfellsbæ vilja:

- Auka framboð á félagslegum íbúðum og lóðum fyrir óhagnaðar-drifin leigufélög og hefja uppbyggingu á Blikastaðalandi.
- Efla Tónlistarskóla Mosfellsbæjar, lækka gjöld og stytta biðlista
- Gera leikskólann og skólamáltíðir gjaldfrjálsar.
- Lengja opnunartímann í sundlaugum bæjarins.
- Hækka frístundaávísun fyrir börn og eldri borgara.
- Sjá til þess að Mosfellsbær haldi sínu náttúrulega og sögutengda yfirbragði sem eflir staðarvitund íbúanna.
- Setja sér aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, meðal annars um aukna kolefnisbindingu og minni kolefnislosun.
- Byggja upp útivistaraðstöðu við Hafravatn, tryggja þar fjölbreyttar samgönguleiðir og gott aðgengi.
- Byggja upp og lagfæra stikaðar gönguleiðir í sveitarfélaginu og viðhalda fræðsluskiltum bæjarins.
- Auka gagnsæi í fjármálum bæjarins, þau verði sett upp sjónrænt og aðgengileg hinum almenna íbúa.
- Vinna heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur á mannvirkjum sem tengjast menningarstarfsemi í bæjarfélaginu.

## Göngum lengra

Kynntu þér málin okkar: [x22.vg.is](https://x22.vg.is)  
Vertu með: [@vg\\_hafnarfirdi](https://twitter.com/vg_hafnarfirdi)  
[facebook.com/vinstrid](https://facebook.com/vinstrid)



XV  
14. maí